



Alþingi
Erindi nr. Þ
komudagur

123/1182

2. 3 '99

Garðabæ, 1. marz 1999.

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík.

Umhverfisnefnd Alþingis hefur sent mér undirrituðum til umsagnar frumvarp til laga um náttúruvernd, 528.mál.

Þar sem tími er naumur til svara hefi ég ekki lesið frumvarpið allt yfir af ítrustu nákvæmni en reynt að skoða betur þá kafla og greinar sem hefzt kynnu að snerta þjóðminjar og minjavernd.

Virðist mér eftir þá skoðun, að ekkert sé það í frumvarpinu sem gangi í berhögg við lög eða reglur um minjavernd og hugmyndir manna um framkvæmd þeirra, þannig að ástæða sé til að gera sérstakar athugasemdir.


Mikilsvert tel ég það sem í 12. grein segir, að almenningi sé heimil för um landið og dvöl þar, þar sem einmitt hefur í alþjóðlegum samþykktum verið lögð áherzla á að almenningur eigi sem greiðasta leið að hvers konar menningarminjum og þær gerðar aðgengilegar fólki til skoðunar, eftir því sem aðstæður geta leyft. Hér eru margar þeirra einmitt í úthaga jarða og á afréttum. Hins vegar eru sjálfsgæðar þær umgengnis- og umferðarreglur, sem segir í síðari greinum frumvarpsins.

Sömuleiðis segir í 36. grein, að við ræktun skuli gætt að spilla ekki menningarminjum. – Það hefur aðeins komið fyrir við skógrækt í stórum stíl á opnum svæðum, að þar hafi friðuðum fornminjum verið spilt af vangá, plantað hafi verið ofan í þær. Þetta er þó ekki af ásetningi heldur vangá, ekki er ætlun að fara með yfirtroðslu. Slíkt verður í reynd að leysa staðbundið, en mikilsvert er að hafa lagatexta ljósan. – Að vísu veita einnig þjóðminjalög fornminjum slíka vernd.

VI. kafla, um efnistöku og frágang efnistökusvæða, tel ég að sé afar mikilvægur, því að einmitt hefur efnistaka stundum komið í bága við minjavernd, menn spilt svo nánasta umhverfi merkra staða að þeir bíði skaða af, jafnvel þótt sjaldan hafi verið farið nær friðlýstum minjum en 20 m. svo sem þjóðminjalög segja um. Ljóst er að það er ekki nóg að aðeins sé gætt að allranánasta umhverfi friðlýstra staða. Almennt séð er efnistaka einn versti þáttur í meðferð okkar á landinu, óskipuleg og tillitslaus á mörgum og oft viðkvæmum svæðum, sem síðar á eftir að koma okkur í koll ef svo fer lengi fram enn.

Vil ég leyfa mér að mæla með samþykkt þessa frumvarps.

Virðingarfyllt


Þór Magnússon
þjóðminjavörður.